

sjóðs. Verði sektin ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, komi í stað hennar 7 daga einfalt fangelsi.

Ennfremur skal kærður greiða samkvæmt 16. gr. laganna kr. 62.50 í leyfisgjald í rikissjóð. Loks skal hann greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónsonar hrm., er ákveðast kr. 50.00.

Dráttur sá, sem á málinu er orðinn, stafar af því, að rétturinn leitaði umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur um málið, og stóð nokkurn tíma á svári þess.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Guðmundur Kristinn Ögmundsson, skal greiða 100 krónur í sekt til rikissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga.

Kærði greiði á sama tíma kr. 62.50 í leyfigjald til rikissjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 50.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1938.

Kærumálið

Nr. 1/1938.

Útibú Kaupfélags Eyfirðinga í Ólafsfirði og

Sveinn Jónsson útibússtjóri

gegn

Guðvarði Sigurðssyni.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurði þeim, sem frá er greint í máli þessu, uppkveðnum í aukadómþingi Ólafssfjarðarhrepps þann 22. janúar þ. á., hafa kærendur skotið til hæstaréttar

með kærú dags. 24. s. m. samkvæmt 199. sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936. Kom kærán, ásamt bréfi héraðs-dómarans dags. 3. þ. m., skjölum málsins og ódag-settum athugasemdum héraðsdómarans til dómsins þann 10. þ. m. Ennfremur hefir dóminum borizt frá kæréndum skjal dags. 7. þ. m., sem hefir inni að halda mótmæli gegn nefndum athugasemdum héraðsdómarans, og kom það í hendur réttarins þann 15. þ. m. Var málið því næst, að lögboðnum fresti liðnum og án frekari athugasemda frá héraðsdómaranum eða málsaðiljum, tekið til dóms 18. þ. m., og er það dæmt samkvæmt framlögðum skjölum.

Í kærú sinni hafa kæréndur krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi að því er þá snertir.

Kærði hér fyrir rétti, Guðvarður Sigurðsson sjómaður í Ólafsfirði, höfðaði mál þetta fyrir aukadómþingi Ólafsfjarðarhrepps gegn þeim Gunnari Ásgrímssyni, útgerðarmanni í Ólafsfirði, og kæréndum málsins hér fyrir dómi, útibúi Kaupfélags Eyfirðinga í Ólafsfirði og útibússtjóranum Sveini Jónssyni. Kveðst kærður hafa verið formaður síðastliðið sumar á bátnum „Geir“ E. A. 589, sem meðstefndi í héraði, Gunnar Ásgrímsson, hafi gert út, og eigi hann ógreiddar 432 krónur af kaupí sínu eða andvirði aflahlutar frá þeim tíma. Kveður hann upphæð þessa standa inni í nefndu útibúi, því það hafi selt aflahlutinn eftir ráðstöfun útgerðarmannsins, Gunnars Ásgrímssonar, og samkvæmt fyrirmælum hans fært upphæðina inn á viðskiptareikning kærða við útibúið. Kveður kærði tilraunir sínar til þess að fá nefnda fjárhæð greidda hafa reynzt árangurslausar, og hafi hann því höfðað mál þetta. Í héraðsstefnu

hefir kærði gert þær kröfur, að „viðurkennt sé með dómi, að stefndum Gunnari Ásgrímssyni beri að greiða sér umræddar kr. 432.00“, að útibú Kaupfélags Eyfirðinga í Ólafsfirði sé skyldað til þess með dómi „að láta peningana, kr. 432.00, af hendi, greiða skaða þann, sem stefnandi kann að hafa af því að fá ekki peningana, og málskostnað samkvæmt reikningi eða eftir mati réttarins“, og að útibússtjórinn, Sveinn Jónsson, „verði látinn sæta þyngstu refsingu samkvæmt lögum fyrir ólöglega fjártöku eða hald fjárins“.

Í héraðsrétti lét Gunnar Ásgrímsson bóka það álit sitt, að útibúinu bæri að greiða fjárhæðina, en bar ekki fram neinar kröfur af sinni hálfu berum orðum. Kærendur kröfðust þess hinsvegar aðallega, að málinu yrði frávísað að því er þá varðaði, vegna þess að ekki væri um neina kaupkröfu að ræða gegn þeim, og brysti því heimild til þess að höfða málið gegn þeim fyrir aukadómþingi Ólafsfjarðarhrepps. Lögðu þeir frávisunarkröfuna undir úrskurð, en henni var hrundið með úrskurði þeim, sem hér liggur fyrir.

Með því að fallast má á það með kærendum, að kröfur kærðs á hendur þeim í máli þessu, sem rekið er sem einkamál, séu ekki þess eðlis, sem um ræðir í 1.—3. tölulið 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, þá verður ekki talið, að héraðsdómarinn, lögreglustjórinn í Ólafsfirði, sé bær um að leggja dóm á þær, sbr. 2. mgr. 29. gr. sömu laga. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa kröfum kærðs á hendur kærendum í máli þessu frá undirréttinum.

Málskostnaðar fyrir hæstarétti hefir ekki verið krafizt, og fellur því málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Kröfum kærðs, Guðvarðs Sigurðssonar, í máli þessu á hendur kærendum, útibúi Kaupfélags Eyfirðinga í Ólafsfirði og Sveini Jónssyni, vísast frá aukadómþingi Ólafsfjarðarhrepps.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður aukadómþings Ólafsfjarðarhrepps 22. janúar 1938.

Það er upplýst í málinu, að krafa sú, sem mál þetta er risið út af, er andvirði aflahluts stefnandans, Guðvarðs Sigurðssonar, á v/b Geir s. l. sumar. Rétturinn er þeirrar skoðunar, að um innheimtu þessarar kröfu fari eftir sömu reglum sem innheimtu á kaupgreiðslum, sem um getur í 3. málsgr. 3. tölulið 5. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, en samkvæmt 85. gr. sömu laga má sækja mál til kaupgreiðslu slíkra manna í þinghá, þar sem vinnan er af hendi leyst. Rétturinn verður því að telja, að málið eigi að rekast hér í Ólafsfjarðarþinghá, sbr. ennfr. 75. og 83. gr. sömu laga. Rétturinn telur það ekki skipta máli í þessu tilfelli, þótt útibú kaupfélagsins sé ekki atvinnurekandi, þar sem hér er samt um kaupgjaldskröfu að ræða og telja verður upplýst, að útibúið hafi tekið við andvirði aflahluts stefnanda. Rétturinn verður því að telja lögreglustjóran í Ólafsfirði löglegan dómara í máli þessu, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 85/1936, og málið sé löglega rekið eins og til er stefnt, og getur því ekki tekið frávisunarkröfu stefnds, Sveins Jónssonar, til greina.

Því úrskurðast:

Framkomin frávisunarkrafa verður ekki til greina tekin.